

Nd.

323. Nefndarátt

um frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og borið það saman við landsreikninginn og hefir ekkert fundið athugavert.

En út af 5. athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna vill nefndin taka það fram, að hún telur sjálfsgagt, að landsstjórnin geri alvarlega gangskör að því að innheimta þær eftirstöðvar, er í áminstri athugasemd getur. Reynist það svo við innköllunina, að eitthvað af þessum eftirstöðvum sje ófánlegt, telur nefndin miklu rjettara, að þær upphæðir sjeu strikaðar út heldur en verið sje að skrá slíkar eftirstöðvar á landsreikningi árum saman.

Út af þessu ber nefndin fram tillögu á sjerstöku þingskjali, er hún vill ráða háttvirtri deild til að samþykkja.

Alþingi, 7. apríl 1924.

Jakob Möller,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari og framsm.

Halldór Stefánsson.

Kl. Jónsson.

Björn Lindal.

Aug. Flygenring.

Jón A. Jónsson.